



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 7. nóvember 2013

Ákvörðun nr. 26/2013

## Samruni Kristins ehf. og Kvosar ehf.

### I.

#### Málavextir og málsmeðferð

Kristinn ehf. (hér eftir Kristinn) og Kvos ehf. (hér eftir Kvos) tilkynntu Samkeppniseftirlitinu um samruna félaganna með svokallaðri styttri samrunatilkynningu, dags. 28. júní 2013. Með samrunanum eignast Kristinn ráðandi hlut í Kvos eða [...]¹%. Telja samrunaaðilar að um sé að ræða samruna í skilningi c-liðar 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Samkeppniseftirlitið taldi nauðsynlegt að óska eftir lengri tilkynningu vegna samrunans og óskaði eftir henni með bréfi, dags. 9. júlí 2013. Þann 26. júlí 2013 barst eftirlitinu slík tilkynning sem uppfyllti skilyrði reglna nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og viðauka við þær. Hófust frestir eftirlitsins til þess að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d. samkeppnislaga þann 29. júlí 2013. Samkvæmt því ákvæði skal Samkeppniseftirlitið tilkynna aðilum innan 25 virkra daga frá því að stofnuninni berst samrunatilkynning að stofnunin telji ástæðu til að rannsaka samruna frekar. Samkeppniseftirlitið tilkynnti samrunaaðilum að frekari rannsókn væri nauðsynleg með bréfi, dags. 30. ágúst 2013.

Samkeppniseftirlitið tilkynnti samrunaaðilum það frummat eftirlitsins að samruninn leiddi að óbreyttu til röskunar á samkeppni og því kæmi til athugunar að grípa til íhlutunar vegna samrunans. Óskaði eftirlitið eftir sjónarmiðum samrunaaðila, en þeir lýstu sig reiðubúna til viðræðna um skilyrði sem mættu verða til að eyða hugsanlegum samkeppnishindrunum sem leiddu af samrunanum.

Vegna rannsóknar málsins hefur Samkeppniseftirlitið aflað nokkurra gagna og auk þess fengið upplýsingar og sjónarmið frá aðilum sem gætu haft hagsmuni af úrlausn málsins eða veitt eftirlitinu upplýsingar. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar og viðhorf aðila skipta máli fyrir athugun máls þessa er þeirra getið í ákvörðuninni.

Viðræður Samkeppniseftirlitsins við samrunaaðila hafa leitt til þess að þeir hafa gengist undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f. samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Sáttin felur í sér að samruna þessum eru sett skilyrði sem rakin eru í niðurstöðukafla ákvörðunar þessarar.

---

¹ Fellt út vegna trúnaðar.



## II. Niðurstöður

### 1. Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Í samrunatilkynningu kemur fram að aðilar samrunans séu Kvos og Kristinn. Með samrunanum eignast Kristinn ehf. [...] <sup>2</sup>% hluta í Kvos ehf.

Kvos er eignarhalds- og fjárfestingarfélag í prentiðnaði og skyldum rekstri en Kvos hefur rekið prentsmiðju undir merkinu Oddi um árabil. Framleiðir Oddi meðal annars pappaubúðir auk þess að veita margvíslega prentþjónustu. Samkvæmt samþykktum félagsins er tilgangur þess þjónusta við prentiðnað og tengda starfsemi. Dótturfélög Kvosar hafa m.a. með höndum fjárfestingarstarfsemi (Kvos Ísland ehf.), framleiðslu á prentverki og umbúðum (OPM ehf.) og sölu á prentverki og umbúðum (Oddi ehf.). Árið 2012 keypti Kvos allt hlutafé í Plastprenti ehf. sem starfar á sviði umbúðalausna og framleiðir plastumbúðir á Íslandi. Var fjallað um þann samruna í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 27/2012, *Samruni Kvosar ehf. og Plastprents ehf.* Í kjölfar þess samruna var starfsemi Plastprents ehf. samþættuð við framleiðslu og sölu OPM og Odda. Plastprent er því ekki lengur rekið sem sjálfstætt félag.

Það fer enginn rekstur af neinu tagi fram hjá félaginu Kristni, en Kristinn tengist rekstri Landsprents ehf. í gegnum móðurfélag sitt, Fram ehf. Landsprent ehf. er að fullu í eigu Árvakurs hf., útgáfufélags Morgunblaðsins. Landsprent er sérhæfð blaðaprentsmiðja sem býður upp á prentun og dreifingu. Fram ehf., móðurfélag Kristins, er eignarhaldsfélag í eigu Guðbjargar M. Matthíasdóttur. Á Fram ehf. 29,8% eignarhlut í Árvakri hf. í gegnum félögin Ísfélag Vestmannaeyja ehf. og Hlyn A ehf. Þar af leiðandi á Fram ehf. 29,8% eignarhlut í Landsprenti.

Í samrunaskrá segir að eftir hrun íslenska fjármálakerfisins í lok árs 2008 hafi Kvos átt í rekstrarerfiðleikum og í kjölfarið gengið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu sem hafi lokið í desember 2011 með samkomulagi við Landsbankann hf. og Arion banka hf. Í kjölfar endurskipulagningarinnar hafi Oddamenn ehf. keypt allt hlutafé í Kvos og hafi félagiformi þess verið breytt úr hlutafélagi í einkahlutafélag. Nýverið hafi Kristinn tekið þátt í lokuðu sölufurli Kvosar og þannig fengið aðgang að upplýsingum og gögnum um starfsemi og fjárhag Kvosar. Samkomulag hafi náðst milli Oddamanna og Kristins um kaup hins síðarnefnda á [...] <sup>3</sup>% hluta í Kvos sbr. kaupsamning dags. 10. maí 2013 og viðauka 12. júní 2013.

---

<sup>2</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

<sup>3</sup> Fellt út vegna trúnaðar.



Samkvæmt samrunaskrá er tilgangur kaupa Kristins á meirihluta hlutafjár í Kvos alfarið fjárfestingarlegs eðlis. Eigendur Kristins telja sig sjá framtíðartækifæri í þeirri starfsemi sem Kvos hefur með höndum. Eigendur Kristins segjast ekki stefna að neins konar sameiginlegum rekstrar- eða stjórnunarkostnaði, lækkun á kostnaði vegna dreifingar, lagerhalds eða samnýtingar á aðstöðu. Samruninn muni því ekki leiða til neinna samlegðaráhrifa milli samrunaaðila. Þá muni engin samlegðaráhrif félaga í samstæðu Kvosar ná til tengdra félaga Kristins s.s. Landsprents eða Ísfélags Vestmannaeyja. Að lokum kemur fram í samrunaskrá að fyrirhugað sé að rekstur Kvosar verði algerlega aðskilinn rekstri Kristins og tengdra félaga.

## **2. Markaðir málsins og staða viðkomandi fyrirtækja á þeim**

Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að skoða verður viðkomandi markað út frá að minnsta kosti tveimur sjónarhornum. Annars vegar vöru- og þjónustumarkaðnum og hins vegar landfræðilega markaðnum. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki verið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008 *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

### **2.1 Vörumarkaðir**

Með viðkomandi vöru- eða þjónustumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika þeirra, verðs og áformaðrar notkunar. Staðgönguvara eða staðgönguþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar vöru eða þjónustu.

#### **2.1.1 Sjónarmið samrunaaðila**

Fram kemur í samrunaskrá að samrunaaðilar telji að Oddi og Landsprent starfi ekki á sama markaði. Þannig hafi samruninn hvorki áhrif á þann markað sem Oddi starfar á (almennt prentverk) né þann markað sem Landsprent starfar á (dagblaðaprentun) þar sem Oddi býður ekki upp á dagblaðaprentun og Landsprent ekki upp á almenna prentun. Þjóði Landsprent og Oddi upp á mismunandi framleiðsluvörur þar sem prentsmiðjurnar búi yfir ólíkri prenttækni. Landsprent sé með „coldset“ rúlluvélar, þar sem prentað sé á dagblaðapappír og þá í dagblaðabroti. „Coldset“ prentun sé einskorðuð við pappír sem dragi inn farfa sem þorni með snertingu við andrúmsloftið. Oddi sé hins vegar með „heatset“ rúlluvélar og arkarvélar. Með „heatset“ vél sé hægt að prenta glansblöð eða dagblaðapappír en aðeins fáar síður í einu.

Þetta telja samrunaaðilar sýna að slíkur munur sé á framleiðsluvörum þessara tveggja fyrirtækja, þ.e. á prenttækni, afkastagetu og pappírsgæðum að ekki sé unnt að telja starfsemi þeirra á tengdum mörkuðum.

#### **2.1.2 Sjónarmið Samkeppniseftirlitsins**

Að mati Samkeppniseftirlitsins má við skilgreiningu á vörumörkuðum í máli þessu hafa til hliðsjónar fyrri fordæmi samkeppnisyfirvalda. Í þessu samhengi má nefna m.a. ákvörðun nr. 36/2000, *Yfirtaka Prentsmiðjunnar Odda hf. á Steindórsprenti - Gutenberg ehf.* sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 4/2001, *Prentsmiðjan Oddi hf. og*



*Búnaðarbanki Íslands hf. gegn samkeppnisráði þar sem framangreind ákvörðun Samkeppniseftirlitsins var ógilt og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2009, Samruni Árvakurs hf., Fréttablaðsins ehf. og Pósthússins ehf. Þá skiptist markaðurinn fyrir prentverk á eftirfarandi hátt:*

- Dagblaðaprentun
- Einfalt prentverk
- Prentun bóka og tímarita

Samkeppniseftirlitið telur að þessi greining á markaðinum fyrir prentverk sé enn í gildi. Því sé enn svo háttað að prentun dagblaða sé sérstakur markaður. Helgast það fyrst og fremst af því að til þess að aðili geti starfað á þeim markaði þarf hann svokallaða „coldset“ prentvél, þ.e. sérhannaða vél til að prenta dagblöð og er eingöngu hægt að nota dagblaðapappír á rúllum til prentunar.

Þó telur Samkeppniseftirlitið mikilvægt að árétta að frá árinu 2000 hefur prentmarkaðurinn tekið þó nokkrum breytingum, m.a. með breyttri tækni, nýrri tækjabúnaði og fjölbreyttara vöruframboði. Að mati Samkeppniseftirlitsins má því ætla að skörun á framangreindum mörkuðum hafi aukist. Með nýrri tækjabúnaði hafi þannig möguleikar Landsprents til að keppa á markaði fyrir einfalt prentverk aukist. Í þessu samhengi má nefna prentun auglýsingabæklinga og tímarita. Þá er að mati eftirlitsins jafnframt mögulegt er að greina markaðinn í frekari undirmarkaði. Með hliðsjón af eðli málsins telur eftirlitið þó ekki nauðsynlegt að skipta markaðnum frekar.

Við rannsókn málsins hefur Samkeppniseftirlitið aflað upplýsinga um markaðshlutdeild á hinum skilgreindu mörkuðum málsins. Gefa þær upplýsingar til kynna að staða Landsprents á markaði fyrir dagblaðaprent sé mjög sterk. Þá er staða Kvosar á mörkuðum fyrir einfalt prentverk og prentun bóka og tímarita jafnframt mjög sterk.

## 2.2 Landfræðilegur markaður

Um landfræðilega markaðinn segir eftirfarandi í kafla VII í viðauka við reglur Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum:

*„Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin fram og/eða eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.*

*Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu svæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.“*

### 2.2.1 Sjónarmið samrunaaðila

Í samrunaskránni kemur fram það mat samrunaaðila að landfræðilegur markaður málsins sé Ísland þar sem þeir vörumarkaðir sem samrunaaðilar starfi á séu nánast eingöngu þar. Til þess sé að líta að velta Kvosar á Íslandi sé 94,92% af öllum tekjum félagsins. Þá hafi Kristinn ekki veltu tengda erlendum mörkuðum.



### 2.2.2 Mat Samkeppniseftirlitsins

Samkeppniseftirlitið getur fallist á það mat samrunaaðila að landfræðilegur markaður þessa máls sé landið allt.

### **3. Samkeppnisleg áhrif samrunans**

Við mat á samkeppnislegum áhrifum í samrunamálum þarf að taka til athugunar hvort samruninn raski samkeppni á mörkuðum sem um ræðir, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í þessu sambandi er almennt rétt að líta til markaðshlutdeildar samrunaaðila og helstu keppinauta þeirra, athuga samþjöppun á markaði, kanna aðgangshindranir á markaði og fleiri þætti.

Í máli þessu þarf að taka afstöðu til þess hvort umræddur samruni hafi skaðleg áhrif á samkeppni á hinum skilgreindu mörkuðum. Með samrunanum myndast skýr eigendatengsl milli Kvosar og Landsprents. Landsprent og Kvos starfa að mestu leyti ekki á sömu mörkuðum og er því um að ræða svokallaðan samsteypusamruna (*e. conglomerate merger*) í skilningi samkeppnislaga. Þó er mikilvægt að gæta að því í þessu samhengi að félögin starfa á mjög tengdum mörkuðum auk þess að starfsemi þeirra skarast að einhverju marki einkum við prentun á auglýsingabæklingum og tímaritum. Þá hafa bæði félögin mjög sterka stöðu á þeim meginmörkuðum sem þau starfa á hvort fyrir sig. Með hliðsjón af framangreindu er því að mati Samkeppniseftirlitsins mikilvægt að tryggja stjórnunarlegt og rekstrarlegt sjálfstæði fyrirtækjanna þannig að full og óskoruð samkeppni muni ríkja á milli Landsprents og Kvosar.

### **4. Íhlutun**

Með hliðsjón af framangreindu er það mat Samkeppniseftirlitsins að tilefni sé til íhlutunar skv. 17. gr. c. samkeppnislaga. Áður hefur komið fram að samrunaaðilar hafi lýst yfir vilja til þess að gangast undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f. laganna og 22. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Viðræður við samrunaaðila hafa leitt til sáttar, sem felur í sér þau skilyrði, sem fram koma í ákvörðunarorðum. Telur Samkeppniseftirlitið að skilyrðin leysi hin samkeppnislegu vandkvæði sem af samrunanum stafa.

Tilgangur þessara skilyrða er að tryggja að full og óskoruð samkeppni muni ríkja milli Landsprents og Kvosar. Til þess að tryggja viðskiptalegt sjálfstæði fyrirtækjanna er mælt fyrir um fullan rekstrar- og stjórnunarlegan aðskilnað milli Landsprents og Kvosar. Einnig verður þessum fyrirtækjum bannað að hafa með sér hvers konar samvinnu sem takmarkað getur samkeppni. Einnig eiga skilyrðin að tryggja að félögin starfi að öllu leyti sjálfstætt á mörkuðum og að samruninn raski ekki samkeppni.

Samkeppniseftirlitið telur að skilyrðin dugi til þess að eyða þeim samkeppnislegu vandamálum sem ella hefðu skapast með samruna þessum.



#### IV. Ákvörðunarorð:

„Kaup Kristins ehf. á [...] <sup>4</sup>% hlut í Kvos ehf. felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga eru samrunanum sett skilyrði. Með setningu eftirfarandi skilyrða er ekki þörf á ógildingu samrunans:

##### 1. gr.

Á milli Kvosar og Landsprents skal vera fullur rekstrarlegur og stjórnunarlegur aðskilnaður. Skulu bæði félögin rekin sem sjálfstæðir lögaðilar.

Skulu sömu aðilar ekki sitja í stjórn eða varastjórn Landsprents ehf. og Kvosar ehf. Hið sama gildir um þá sem eru makar umræddra aðila, skyldir þeim eða mægðir í beinan legg eða systkini þeirra.

##### 2. gr.

Landsprenti og Kvos er óheimilt að hafa með sér hverskonar samkeppnishamlandi samráð eða grípa til samstilltra aðgerða um viðskipta- og samkeppnismál. Í þessu felst m.a. bann við samkeppnishamlandi samráði eða samstilltum aðgerðum sem lúta að eftirfarandi atriðum:

- a. Verði og verðstefnu.
- b. Viðskiptakjörum.
- c. Eðli þjónustu og þjónustuframboði
- d. Markaðsmálum, viðskiptastefnu og viðskiptaáætlunum
- e. Viðskiptavinum og sölusvæðum.

##### 3. gr.

Landsprenti og Kvos er óheimilt að veita hvort öðru upplýsingar um viðskiptavini félaganna, þ.m.t. viðskipti og/eða viðskiptakjör einstakra viðskiptavina. Einnig er óheimilt að veita upplýsingar milli Landsprents og Kvosar um þau atriði sem tilgreind eru í 4. gr. þessa ákvörðunarorðs.

Skulu lykilstarfsmenn félaganna undirrita sérstaka yfirlýsingu um þagnarskyldu og trúnað. Skulu afrit þessara yfirlýsinga send Samkeppniseftirlitinu innan 30 daga frá birtingu þessarar ákvörðunar.

##### 4. gr.

Viðskipti á milli Kvosar og Landsprents skulu vera á viðskiptalegum forsendum eins og um viðskipti milli óskyldra aðila sé um að ræða

##### 5. gr.

Skilyrði ákvörðunar þessarar taka til samrunaaðila og allra annarra fyrirtækja sem eru og verða til innan samstæðu hvers samrunaaðila fyrir sig.

##### 6. gr.

Stjórnarmenn og framkvæmdarstjórar Kvosar og Kristins skulu undirrita yfirlýsingu þar sem því er lýst yfir að viðkomandi hafi kynnt sér þau fyrirmæli sem felast í sátt þessari og hann heiti því að virða þau að öllu leyti.

---

<sup>4</sup> Fellt út vegna trúnaðar.



**Brot á þessum skilyrðum varðar viðurlögum samkvæmt IX. kafla  
7. gr.  
samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson